Reykjavík, 7. nóvember 2018
R18090206

13721

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Efni:
***Tillaga Flokks fólksins um beint og milliliðalaust lýðræði - umsögn skrifstofu borgarstjórnar.***

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samsvarandi ákvæðum í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er að finna mjög víðtæk ákvæði um samráð við íbúa í X. kafla. Ákvæðin í sveitarstjórnarlögum um borgarafundi, íbúaþing og íbúakosningar eru bindandi fyrir allar sveitarstjórnir og liggja leikreglur þegar fyrir í lögunum. Jafnframt er bent á að þess er ekki getið í tillögunni hvort lagt er til að farið verði í hefðbundnar íbúakosningar eða rafrænar kosningar sem eru ekki í samræmi við ákvæði laganna.

Fyrirliggjandi tillaga er með öllu óútfærð og virðist ekki bæta neinu við þau lagaákvæði um samráð við íbúa sem þegar eru í gildi. Mælt er með því að tillögunni verði vísað frá.

Helga Björk Laxdal

skrifstofustjóri borgarstjórnar